

6. fundur í framkvæmdanefnd kirkjupings 2023-2024, 6. febrúar 2024

Mætt voru: Rúnar Vilhjálmsson, formaður, Arna Grétarsdóttir, Einar Már Sigurðarson og Birgir Gunnarsson, framkvæmdastjóri rekstrarstofu Þjóðkirkjunnar.

Fundur hófst kl. 9:00.

Dagskrá:

1. Húsnæðismál Þjónustumiðstöðvar Þjóðkirkjunnar
 - a. Undir liðnum kom Árni Helgason inn á fund nefndarinnar sem fulltrúi starfshóps um framtíðarhúsnæði þjónustumiðstöðvar Þjóðkirkjunnar sem skilaði skýrslu á síðasta kirkjupingi.
 - b. Gerði ÁH nánari grein fyrir skýrslu starfshópsins og svaraði spurningum fundarmanna þar um.
 - c. Vék ÁH af fundinum kl. 9:30 og héldu þá umræður um málið áfram.
 - d. Framkvæmdanefnd lítur svo á að húsnæðishópurinn hafi unnið þá forvinnu sem nauðsynlegt var að ráðast í. Eftir að hafa farið vel yfir alla þá valkosti sem í boði eru fyrir framtíðarhúsnæði þjónustumiðstöðvar Þjóðkirkjunnar telur framkvæmdanefnd að húsnæðið í Borgartúni 26 sé besti valkosturinn. Er þá litið til þess að húsnæðið fellur best að þarfagreiningunni sem fram kom í skýrslu starfshóps um framtíðarhúsnæði. Ástand og umhverfi húsnæðis er gott, aðgengismál eru góð og þar geta bæði rekstrar- og biskupsstofa flutt inn fljótlega. Hagstæðari kjör eru á húsnæðinu en öðru húsnæði sem til greina kom, bæði þegar litið er til heildarverðs og fermetraverðs og eins að teknu tilliti til mögulegs fjármagnskostnaðar.
 - e. Því var ákveðið að fela BG og RV að ganga til viðræðna við leigusala um leigu á skrifstofuhúsnæði að Borgartúni 26.
 - f. Rekstrarstofu var falið að segja upp gildandi leigusamningum.
2. Skálholt
 - a. BG lagði fram og kynnti kostnaðaryfirlit vegna framkvæmda í Skálholti á árinu 2023.
3. Fasteignatengd mál
 - a. BG upplýsti að húsnæðið á Dalbraut 2, Dalvík verði auglýst til sölu.
 - b. BG upplýsti að húsið á Bergstaðastræti 75 verði auglýst til sölu.
4. Önnur mál
 - a. BG kynnti launaupplýsingar vegna janúarmánaðar.

Næsti fundur ákveðinn 20. febrúar 2024 kl. 9:00.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 10:47.

Fundarritari: Eiríkur Guðlaugsson, lögmaður rekstrarstofu Þjóðkirkjunnar.